

Minnisblað

Aðgengi félagsmiðstöðva að íþróttahúsum

Íþróttabandalag Reykjavíkur hefur haft til meðferðar óskir Skóla- og frístundasviðs borgarinnar um tíma í skólaíþróttahúsum fyrir félagsmiðstöðvar. Til margra ára hefur íþróttahreyfingin og almenningur haft afnot af tímum frá því síðdegis og fram á kvöld í skólasölunum. Íþróttæfingar félaganna byrja um leið og skólastarfi lýkur og síðan taka við tímar fyrir almenning.

Að einhverju leyti eru óskir SFS um tíma utan þess ramma sem íþróttahreyfingin hefur í húsunum. Þetta á t.d. við um tíma sem eiga að hefjast kl. 14 og einnig eru tímar á föstudagskvöldum í langflestum tilfellum utan rammans.

Ef horft er til þeirra óska sem eru um tíma innan rammans sem ætlaður er íþróttahreyfingunni þá hefur að mestu leyti tekist að finna tíma í samræmi við óskir SFS. Þess ber að geta að stundatöflugerð skóla hefur áhrif á þetta og samkvæmt reynslu okkar næst ekki að fá botn í svona mál fyrr en undir lok ágúst mánaðar.

Reykjavík 18. Júní 2020

F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur

Frímenn Ari Ferdinandsson